FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

# Áfangalýsing FAS

| | |
|---|---|
| **Titill** | Inngangur að heimspeki |
| **Námsgrein:** | heimspeki |
| **Viðfangsefni:** | inngangur |
| **Skammstöfun:** | HEIM2IN05 |
| **Þrep:** | 2 |
| **Einingafjöldi:** | 5 |
| **Lýsing:** | Í áfanganum eru kenningar áhrifaríkustu heimspekinga í vestrænni heimspekisögu reifaðar og rökræddar. Áhersla er lögð á siðfræði og stjórnspeki. Tengsl heimspekinnar við önnur fræðasvið eru skoðuð og rædd. Sérstök áhersla er lögð á að flétta saman heimspeki við daglegt líf og persónulega reynslu nemenda. Nemendur eru þjálfaðir í gagnrýninni hugsun, skoðanaskiptum, virkri hlustun og lestri frumtexta. |
| **Forkröfur:** | INGA1HF05 |
| **Þekkingarviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• kenningum áhrifaríkustu heimspekinga í vestrænni heimspekisögu<br>• helstu hugtökum heimspekinnar<br>• áhrifaríkustu kenningum siðfræðinnar og stjórnspekinnar<br>• tengslum heimspekinnar við önnur fræðasvið<br>• undirgreinum heimspekinnar<br>• áhrifum heimspekinnar á hugmyndir okkar og hugsun |
| **Leikniviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• rökræða með virkri hlustun og eigin tjáningu<br>• átta sig á góðum og slæmum rökum<br>• tjá sig í ræðu og riti á skipulegan og gagnrýninn hátt um heimspekileg málefni<br>• túlka heimspekikenningar á skapandi hátt<br>• lesa heimspekitexta<br>• spyrja og svara heimspekilegum spurningum<br>• tengja heimspeki við persónulega reynslu |
| **Hæfniviðmið:** | Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• beita skipulegum vinnubrögðum á gagnrýninn hátt við lausn verkefna<br>• vera gagnrýninn og ábyrgur þátttakandi í samfélaginu<br>• taka upplýstar ákvarðanir í siðferðilegum málefnum<br>• sjá hvernig ríkjandi hugmyndafræði hefur áhrif á skoðanir og stöðu fólks í samfélaginu<br>• átta sig á hvernig hann hefur áhrif á umhverfið í kringum sig |

| | |
|---|---|
| | • geta á gagnrýninn hátt greint góðar og slæmar röksemdafærslur í ræðu og riti<br>• tjá sig í ræðu og riti á gagnrýninn og skapandi hátt við mismunandi aðstæður<br>• byggja upp jákvæða og uppbyggilega félags- og samskiptahæfni |
| **Námsmat** | Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá. |